



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2023
2311251/0.4.1

Efni: Umsögn embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra, þingskjal 416 — 402. mál.

Embætti landlæknis styður það að mennta- og barnamálaráðherra verði falið að vinna heildstæða stefnu um daglegar, gjaldfrjálsar, næringarríkar skólamáltíðir og umgjörð þeirra. Embættið tekur enn fremur undir mikilvægi þess að útvíkka hlutverk skólamáltíða með þeim hætti að þær verði gagnvirkur hluti af námi. Næringarríkur skólamatgur getur haft afgerandi áhrif á vöxt og þroska ungmenna og á heilsufar þeirra til framtíðar.

Embættið vill þó taka fram að mikilvægt er að veitt verði nægjanlegu fjármagni í verkefnið þannig að gæðin verði tryggð en máltíðirnar sem í boði eru ættu að vera í samræmi við ráðleggingar embættis landlæknis, í Handbók fyrir skólamötuneyti frá 2021. Það er í samræmi við það sem fram kemur í 23. gr. laga um grunnskóla að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Embættið vill einnig koma því á framfæri að mikilvægt er að koma á eftirliti með skólamáltíðum til að tryggja gæði þeirra.

Embættið telur mikilvægast að tryggja gæði skólamáltíða og að þær séu í boði fyrir öll börn óháð efnahag og því er mikilvægt að tryggja að ef skólamáltíðir verði gjaldfrjálsar komi það ekki niður á gæðum máltíðanna. Ef ekki verður ráðist í gjaldfrjálsar máltíðir fyrir alla nemendur er mikilvægt að tryggja aðgengilegar leiðir að gjaldfrjálsum máltíðum fyrir börn þar sem foreldrar/forráðamenn hafa ekki efni á að greiða fyrir skólamáltíðir, til að tryggja að í raun eigi öll skólabörn kost á hollum skólamáltíðum þ.m.t. morgunmat og síðdegishressingu.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Eyrún Torfadóttir
Verkefnisstjóri næringar
Embætti landlæknis

Hólmfríður Þorgeirsdóttir
Verkefnisstjóri næringar
Embætti landlæknis